

### Komið sæl

Nú er nýtt skólaár hafið og lítur út fyrir að þessi vetur verði hinn skemmtilegasti. Í vetur verður gefið út eitt sameiginlegt fréttabréf í upphafi hvers mánaðar þar sem verður stikklað á stóru um hvað er í vændum og hvetjum við foreldra til að lesa þessi bréf. Mánaðarskrá kemur eins og venjulega fyrir hverja deild.

Hópastarfið á Skakkalandi og Hólakoti hefst vikuna 5-9 september og geta foreldrar lesið sér til um hvað unnið er með í hverri viku og hvernig. Á Skýjaborg hefst hópastarf 12. september og verður gefin út námsáætlun fyrir hálfan mánuði í senn þ.e. markmið og leiðir. Samvinna milli skóla og heimilis skiptir miklu máli fyrir farsæla skólagöngu barnanna og mikilvægt að við höfum það að leiðarljósi.

### Bestu kveðjur

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



### Á grænni grein

Krílakot hefur verið á grænni grein í tvö ár og nú er stefnan tekin á að sækja um Grænfánann að vori. Grænfánanefndin hittist í næstu viku og skipuleggur veturinn.

Við óskum eftir foreldrum í grænfánanefndina en það er einn liður í sjö skrefunum í átt að grænfána að fá foreldra í lið með okkur. Hver vill og verður ..... Áhugasamir hafið samband við deildarstjóra. Áætlað er að tvisvar á ári munu foreldrar í umhverfisnefnd mæta til fundar með nefnd skólans.

**"Allt er vænt sem vel er grænt"**

### Heimasíðan okkar

Í vetur verður fréttasíðan uppfærð að minnsta einu sinni í viku og einnig myndasíður hvorrar deildar.

Verið dugleg að fylgjast með.

<http://www.dalvik.krilakot.is>



### Afmæli Krílakots

Þann 9. september á Krílakot 31. árs afmæli. Í tilefni dagsins ætlar foreldrafélagið að grilla pylsur handa okkur í hádeginu og Þura verður með samveru úti á lóð. Tímasetning er 11-12.

Hlökkum til að sjá ykkur öll



### Uppbygginarstefnan

Nú er komið að innleiðingu uppbygginarstefnunnar. Í vetur mun verða gerð áætlun um hvernig við getum sinnt grunnþörfunum fimm þ.e. Öryggi barnanna, að þau hafi áhrif, að þau finni fyrir gleði, finni frelsi og ekki síst að þau finni að þau tilheyra öðrum og finni að þau eru tekin inn í hópinn á eigin forsendum. Markmið okkar er:

Í Krílakoti vinnum við markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

### Tónar eiga töframál

Tónlistarverkefnið okkar heldur áfram í vetur en það er Menningarsjóður Sparisjóðs Svarfdæla sem styrkir okkur í vetur. Þura mun verða starfsmaður verkefnisins eins og fyrri ár og er markmið vetrarins að virkja kennara skólanna til að nýta sér allar þær skráningar og skipulagðar stundir og efnivið sem til er. Þura mun stýra verkefninu á Skakkalandi og Hólakoti en á Skýjaborg munu kennarar deildarinnar sjá um að efla tónlistargreind barnanna með söng og hljóðfæraleik.



### Leikskólalæsi

Í Krílakoti er unnið markvisst með læsi og munum við halda ótrauð áfram að leggja línur að ákveðnum hefðum í því samhengi.

Alþjóðadagur læsis er þann 8. september og vert að halda daginn hátíðlegan á einhvern hátt. Við í Krílakoti ætlum að hafa samveru í sal þar sem verður lesið og sungið og börnunum er heimilt að koma með bækur. Munið að merkja þær vel.

Foreldrafundur verður miðvikudaginn 14. september klukkan 20:00 í Krílakoti. Við hvetjum foreldra til að koma og kynna sér starf vetrarins.

### Munið

Leikskólinn lokar 12:15. föstudaginn 30. september vegna starfsmannafundar.

